

Athugun á laxa- og fiskalús 11. október 2016

Þriðjudag 11. október var farið í athugun og talningu á laxa- og/eða fiskilús á fiskum í kvíum Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði. Athuginin er liður í vottunarferli Artic Sea Farm hf. hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi. Við framkvæmd athugunarinnar var haft til hliðsjónar leiðbeiningar Matvælastofnunar (Mast, 2014) og farið eftir samningi NV nr.18-15.

Lagt var af stað frá höfninni á Þingeyri kl. 08:00 á bátnum Kópanes ÍS. Skipstjóri var Einar Valgeirsson og með í för var Bernharður Guðmundsson starfsmaður Arctic Sea Farm hf.. Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var Cristian Gallo verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar. Komið var í land aftur kl. 10:15.

Hafist var handa við kvíaþyrpingu út af Haukadal en þar eru sex kvíar með regnbogasilungi. Athugaðir voru 10 fiskar úr kví Hb 2, Hb 4 og í Hb 6. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1. Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fengust frá Bernharði Guðmundssyni.

Eins og sjá má í töflunum hér fyrir neðan, fundust 7 laxalýs í kví Hb 2 (3 hreyfanlegar lýs, 1 karllús og 3 kynþroska kvenlús), 13 laxalýs (9 hreyfanlegar lýs og 4 kynþroska kvenlús) í kví Hb 4 og 12 laxalýs (8 hreyfanlegar lýs, 2 karllýs og 2 kynþroska kvenlús) í Hb 6. Nokkrar fiskilýs fundust í í öllum kvíum. Eftir að tankinn var skolaður fundust 2 hreyfanlegar laxalýs. Allar laxalýs sem fundust voru teknar til varðveislu eins og flestar fiskilýs. Þessi sýni eru geymd í sýnasafni Náttúrustofu Vestfjarða.

Í töflunni eru karllýs reiknaðir saman með hreyfanlegum lúsum.

Næsta athugun mun fara fram eftir tvær vikur samkvæmt ASC og NV samningi.



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum úr kví Hb 2, Hb 4 og Hb 6 í Haukadal 11. október 2016.

Kví Hb 2 Þyngd 2,34 kg
Sjávarhiti 9,2 °C Fjöldi í kví 130.289

| Fiskur nr | F | H | K | Fiskilús | Athugasemdir |
|----------------|---|---|---|----------|--------------|
| 1 | 0 | 0 | 1 | 4 | |
| 2 | 0 | 1 | 0 | 3 | |
| 3 | 0 | 0 | 0 | 2 | |
| 4 | 0 | 1 | 1 | 5 | |
| 5 | 0 | 0 | 0 | 5 | |
| 6 | 0 | 0 | 0 | 5 | |
| 7 | 0 | 0 | 0 | 4 | |
| 8 | 0 | 1 | 1 | 3 | |
| 9 | 0 | 0 | 0 | 2 | |
| 10 | 0 | 1 | 0 | 4 | |
| Samtals | 0 | 4 | 3 | 37 | |

Kví Hb 4 Þyngd 3,25 kg
Sjávarhiti 9,2°C Fjöldi í kví 87.095

| Fiskur nr | F | H | K | Fiskilús | Athugasemdir |
|----------------|---|---|---|----------|--------------|
| 1 | 0 | 1 | 0 | 7 | |
| 2 | 0 | 1 | 0 | 8 | |
| 3 | 0 | 0 | 1 | 3 | |
| 4 | 0 | 0 | 0 | 4 | |
| 5 | 0 | 2 | 1 | 4 | |
| 6 | 0 | 1 | 0 | 5 | |
| 7 | 0 | 0 | 0 | 6 | |
| 8 | 0 | 1 | 0 | 7 | |
| 9 | 0 | 2 | 1 | 8 | |
| 10 | 0 | 1 | 1 | 7 | |
| Samtals | 0 | 9 | 4 | 59 | |



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Kví Hb 6 Þyngd 1,91 kg
Sjávarhiti 9,2°C Fjöldi í kví 81.003

| Fiskur nr | F | H | K | Fiskilús | Athugasemdir |
|----------------|---|----|---|----------|--------------|
| 1 | 0 | 1 | 1 | 5 | |
| 2 | 0 | 2 | 0 | 6 | |
| 3 | 0 | 0 | 0 | 8 | |
| 4 | 0 | 0 | 0 | 10 | |
| 5 | 0 | 2 | 0 | 4 | |
| 6 | 0 | 2 | 1 | 2 | |
| 7 | 0 | 1 | 0 | 7 | |
| 8 | 0 | 0 | 0 | 6 | |
| 9 | 0 | 2 | 0 | 8 | |
| 10 | 0 | 0 | 0 | 10 | |
| Samtals | 0 | 10 | 2 | 66 | |

Minnisblað ritar Cristian Gallo, Bolungarvík, 12. október 2016.

NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA